

Ed. 472. Frumvarp til laga [255. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Upphaf síðustu mgr. 14. gr. orðist svo:

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 24 180.

2. gr.

2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	kr. 15 156
Með tveimur börnum	kr. 39 708
Með þremur börnum eða fleiri	kr. 70 428

3. gr.

1. og 2. mgr. 19. gr. orðist svo:

Ef aðrar tekjur elli- og örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 29 084 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð kr. 56 736 á ári. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram 29 084 kr. á ári, skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á. Til tekna í þessu sambandi teljast ekki vextir, verðbætur eða gengishagnaður, sem frádráttarbærir eru frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns.

Einhleypingi, sem nýtur óskertrar uppbótar (tekjutryggingar) skv. 1. mgr. og er einn um heimilisrekstur, án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, skal að auki greiða heimilisuppbót kr. 1 422 á mánuði. Eigi hann rétt á skertri tekjutryggingu lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli.

4. gr.

Síðasta mgr. 19. gr. orðist svo:

Að fengnum tillögum tryggingaráðs setur ráðherra reglugerð um framkvæmd lífeyris-hækkana samkv. þessari grein, þar á meðal nánari skilyrði fyrir rétti til heimilisuppbótar og uppbóta skv. 3. og 4. málsgrein. Tekjufjárhæðir í 1. mgr. miðast við tekjur árið 1982. Með reglugerð skal þeim fjárhæðum breytt 1. júlí árlega til samræmis við almennar hækkunir bóta og annarra tekna milli ára.

5. gr.

Síðasta mgr. 51. gr. orðist svo:

Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð í stofnun, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann, fellur lífeyrir hans niður, ef vistin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarandi 24 mánuði. Heimilt er þó tryggingaráði að víkja frá þessum tímamörkum, ef sérstaklega stendur á. Sé dvölin ekki greidd að fullu, er heimilt að greiða lífeyri, allt að því, sem á vantar. Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% grunnlífeyris og tekjutryggingar.

6. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta til breytinga á lögum um almannatryggingar er samið í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að hún beiti sér fyrir úrbótum til handa þeim sem verst eru settir, með ákveðnum hækkunum bóta almannatrygginga og tengist þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar samningum þeim, sem nýlega voru gerðir milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Það er samkomulag um það milli ríkisstjórnarinnar og þeirra aðila sem hér hafa verið nefndir, að úrbótum handa þeim hópum sem hér um ræðir, verði best náð með sérstakri hækkun barnalífeyris, mæðra- og feðralauna, hækkun tekjutryggingar lífeyrisþega almannatrygginga, hækkun frítekjumarks og lækkun skerðingarprósentu, hækkun heimilisuppbótar og „vasapeninga“ til aldraðra og öryrkja.

Almenn hækkun grunnlífeyris elli- og örorkulífeyrisþega er gerð með reglugerð, svo og hækkun „vasapeninga“ aldraðra, en aðrar breytingar sem hér hafa verið nefndar, verður að gera með breytingu á lögum um almannatryggingar.

Um 1. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að óendurkræfur barnalífeyrir verði hækkaður úr kr. 1 615,00 á mánuði í kr. 2 015,00, eða að árlegur barnalífeyrir verði nú 24 180,00 kr. á ári.

Það er gert ráð fyrir því að meðlagsgreiðslur fylgi þessum greiðslum, svo sem verið hefur, enda þótt lög um almannatryggingar geti ekki um það.

Um 2. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að mæðralaun/feðralaun hækki þannig:

Með einu barni úr kr. 513,00 í kr. 1 263,00 á mán.
Með tveimur börnum úr kr. 1 809,00 í kr. 3 309,00 á mán.
Með þremur börnum úr kr. 3 619,00 í kr. 5 869,00 á mán.

Í greininni eru mæðralaunin færð upp sem ársgreiðsla miðað við þessar upphæðir.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir breytingu á uppbót á lífeyri, svokallaðri tekjutryggingu, og er gert ráð fyrir að tekjutryggingin hækki úr 3 861,00 kr. á mánuði í 4 728,00 kr., eða 22.5%.

Með reglugerðarbreytingu er gert ráð fyrir að elli- og örorkulífeyrir, þ. e. grunnlífeyrir, hækki um 7%, þannig að heildarhækkun grunnlífeyris og tekjutryggingar verður því 15.5%, samkvæmt þessari grein og reglugerð um hækkun bóta.

Þá er í greininni gert ráð fyrir að hafi bótaþegi tekjur umfram 29 084,00 kr. á ári, þá skerðist uppbót nú um 45% þeirra tekna, sem umfram það eru, en áður var gert ráð fyrir 55% skerðingarmarki.

Þá er gert ráð fyrir að hjónalífeyrir verði hlutfallslega óbreyttur og að tekjuhugtakið sé óbreytt frá því sem nú er.

Í greininni er gert ráð fyrir að heimilisuppbót hækki um 10% og verði 1 422,00 kr. á mánuði.

Um 4. gr.

Greinin gerir ráð fyrir breytingu á lokamálsgrein 19. gr. og er sett til að taka af allan vafa um tekjufjárhæðir í 1. málsgr.

Um 5. gr.

Sú breyting sem gerð er á greininni er gerð í lokamálsgrein, en þar er gert er ráð fyrir að heimildin miðist við 25% grunnlífeyris og tekjutryggingar þegar ákveðnir eru „vasapeningar“, en áður takmarkaðist heimildin við lágmarkslífeyri.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Þjóðhagsstofnun hefur reiknað út kostnað vegna hækkana útgjalda almannatrygginga samkvæmt þessu frumvarpi og þeim reglugerðum, sem hér er til vitnað, og er sú áætlun þannig:

	Kostnaður m. kr.	
	Á ári	1984
1. Almenn hækkun 7%	134	112
2. Sérstök hækkun tekjutryggingar 14.5%	110	92
3. Breyting skerðingarákvæða	22	11—22
4. Sérstök hækkun barnalífeyris, mæðralauna, heimilisuppbótar og vasapeninga	77	64
	343	279—290